



Hressir krakkar í opnuviðtali.

Fræðslufundur

Sigmar B. Hauksson heimsótti Sri Lanka nýverið og dvaldi þar töluverðan tíma við gerð sjónvarpsþáttar sem sýndur var í sjónvarpinu í febrúar.

Sigmar hefur kynnt sér málefni Sri Lanka vel og er með mjög áhugaverðar upplýsingar um land og þjóð.

Hann er tilbúinn að mæta á fræðslufund hjá félaginu **mánudaginn 23. mars nk. kl. 20:30 – 22:00** og mun þar fjalla um Sri Lanka og svara spurningum forvitinna félagsmanna. Fræðslu- og umræðufundurinn verður í húsakynnum félagsins líkt og venjulega að Grettisgötu 6.

Útilega í sumar 17. – 19. júlí

Útilegan verður að þessu sinni haldin á Suðurlandi, að Laugalandi í Holtum.

ar er mjög góð aðstaða og staðurinn er vinsæll af fjölskyldufólki. Tjaldstæði og margskonar gisting er í boði. Nánari upplýsingar verða sendar þegar nær dregur.

Diskó - Unglingaklúbbur

Föstudaginn 27. mars verður haldið diskótek fyrir krakka 12 ára og eldri að Grettisgötu 6, sem hefst kl. 19:30 og líkur kl. 22:00. Sama kvöld verður stofnaður unglingaklúbbur, sjá nánar á bls. 11. Ágætt væri að þið tækjuð með ykkur upphalds geisladiskinn á diskóíð.

Meðal efnis:

- Bls. 2** Frá skrifstofu
- Bls. 3** Þekkirðu fólkið sem er í stjórn félagsins

- Bls. 4** Íslensk ættleiðing 20 ára
- Bls. 5** Uppeldi, hvað er það?
- Bls. 9** Þankahornið



ÍSLENSK ÆTTLEIÐING

**Fréttabréf Félagsins
Íslensk Ættleiðing**

Útgefandi:

Íslensk Ættleiðing
Grettisgötu 6
101 Reykjavík
Sími: 551 4280
Fax: 562 4910

Ábyrgðamaður:

Olga Stefánsdóttir

Ritnefnd:

María J. Gunnarsdóttir
Snjólaug Stefánsdóttir

Opnunartími skrifstofu:

kl. 10-12 miðvikudag og föstudag
Starfsmaður skrifstofu:
Guðrún Sveinsdóttir

Stjórn:

Ingibjörg Birgisdóttir, formaður
Lísa Yoder, varaformaður
Olga Stefánsdóttir, gjaldkeri
Ingvar Kristjánsson, ritari
Guðrún Sveinsdóttir, meðstjórnandi
Guðlaug Guðmundsdóttir,
varamaður
Ásdís Guðmundsdóttir, varamaður

Fulltrúar í Norðurlandsdeild:

Elín Hallgrímsdóttir, Akureyri
Helgi Stefánsson, Akureyri
Sigurlína Jónsdóttir, Húsavík

Fræðslunefnd:

Ásdís Guðmundsdóttir
Guðlaug Guðmundsdóttir

Umbrot og prentun:

Prentstofan
Hvíta Örkin

Fréttir frá skrifstofu

Aðalfundur félagsins var haldinn 29 nóvember síðastliðinn. Á undan formlegum aðalfundarstörfum var basar til styrktar starfinu í Kalkúta og var hann nokkuð vel sóttur.

Um 30 manns mættu síðan á fundinn, stjórnin var endurkjörin, fræðslunefnd og ritnefnd sitja áfram óbreyttar og í fjáröflunarnefnd voru kosnar þær Ingibjörg Eyþórsdóttir og Hrafnhildur Arnkelsdóttir. Endurskoðendur voru endurkjörnir. Því miður vantar enn fólk í skemmtinefnd og væri gott að fá sjálfboðaliða í hana. Fundarmenn samþykktu að halda árgjaldinu óbreyttu og ýmis mál voru rædd. Að loknum aðalfundarstörfum fengu fundarmenn hressingu, léttu rétti frá indverska matsölustaðnum Himalaja. Seinni hluti fundarins var frásögn Ingvars Kristjánssonar af hjálparstarfinu í Kalkúta sem hann fékk gott tækifæri til að kynna þegar hann sótti dóttur sína í september. Er þar unnið mjög þarft verk til aðstoðar fátækum barnafjölskyldum enda er hjálparstarfið grundvöllur þess að stofnunin hafi starfsleyfi stjórnvalda til að vinna að ættleiðingum. Orsök þessa indverska yfirbragðs aðalfundarins er miklar breytingar í Kalkúta sem Íslensk Ættleiðing tekur þátt í og sem við munum væntanlega njóta góðs af í framtíðinni, sjá nánar annars staðar í blaðinu.

Óvenju margar fyrirsagnir bárust skrifstofu í desember og janúar. Einnig var mikið um hringingar og heimsóknir skólafólks sem vantaði upplýsingar vegna ritgerða og þess háttar verkefna.

Í Kalkúta eru nú fimm mál í gangi, og er fyrsta barn ársins væntanlegt heim til Íslands í þessum mánuði. Barnaheimilið hefur fengið endurnýjað starfsleyfi frá yfirvöldum í Bengalríki og þegar þetta er skrifað er frú Anju Roy stödd í Delhi til að sækja um endurnýjun starfsleyfis hjá CARA, ættleiðingarskrifstofu indverska félagsmálaráðuneytisins. Anju mun heimsækja Ísland á árinu til skrafs og ráðagerða og óskar eftir að hitta indversku börnin og fjölskyldur þeirra. Margir hafa látið skrá sig á Indlandslista. Ekki er ljóst hvort nýtt samband kemst á í Madras, en þar er ein umsókn til reynslu.

Frá Rúmeníu væntum við fréttu á hverri stundu. Frú Coman, lögfræðingur félagsins og tengiliður, segir okkur að formaður rúmensku ættleiðingarnefndarinnar hafi margsinnis lýst því yfir að búið sé að samþykka áframhaldandi samstarf við Íslendinga og bréf þar að lútandi verði sent við fyrsta tækifæri. Við vonumst til að þetta langþráða bréf komi sem fyrst, sérstaklega vegna barnsins sem hefur beðið úti síðan síðasta sumar og vegna væntanlegra kjörforeldra þess sem hafa þurft að sýna mikla þolinmæði. Í dag eru u.þ.b. 15 hjón á biðlista til Rúmeníu.

Frá Kína er ekkert að fréttu, öll gögn og beiðni okkar um samstarf liggja hjá kínversku ættleiðingarmiðstöðinni en niðurstaða stjórnvalda hefur því miður ekki fengist ennþá.

Umsóknir íslenskra hjóna í **Thailandi** verða vonandi afgreiddar á þessu ári. Dómsmálaráðuneytið hefur vísað til félagsins umsóknum nokkurra hjóna þar sem annar makinn er erlendur og hjónin vilja senda umsókn til fæðingarlands hans. Munum við reyna að aðstoða með þessi mál en í þeim löndum sem félagið hefur ekki sambönd, t.d. á Filipseyjum gætu orðið einhverjir byrjunarerfiðleikar. Samsvarandi mál er í gangi í Thailandi.

Ég vil hvetja alla félagsmenn, bæði væntanlega kjörforeldra og hina sem nú þegar hafa fengið sína heitustu ósk uppfyllta, til að styðja Anju og ISRC í Kalkutta svo samstarfið haldist traust og gott. Og hvernig er með afa og ömmur, frændur og frænkur barnanna okkar? Kannski vilja þau leggja eitthvað af mörkum til hjálparstarfsins. Nýkjörin fjáröflunarnefnd mun á næstunni kynna söfnun til styrktar starfinu í Kalkúta..

Guðrún

Pekkirðu fólkið sem er í stjórn félagsins



Ingibjörg Birgisdóttir

Formaður Íslenskrar Ættleiðingar s.l. 9 ár er Ingibjörg Birgisdóttir sem starfar hjá Flugleiðum. Hún á Sólveigu, 13 ára gamla frá Sri Lanka, og Örnú eignuðust þau hjón fyrir 4 árum. Eiginmaður hennar er Engilbert Valgarðsson og var hann í stjórn félagsins fyrir u.þ.b. 11 árum.



Olga Stefánsdóttir

Olga Stefánsdóttir er gjaldkeri félagsins og starfar á lögfræðiskrifstofu. Hún og Gylfi Hauksson eiga Dagnýju 13 ára frá Sri Lanka og Stefán Hauk 10 ára sem er fæddur í Kalkútta og er elsta barnið þaðan. Olga hefur verið í stjórn Í.Æ. síðan 1987.



Guðrún Ó. Sveinsdóttir

Guðrún Ó. Sveinsdóttir meðstjórnandi er starfsmaður félagsins. Hún og Kristinn Guðjónsson eiga Þóru Katrínu 13 ára frá Sri Lanka og Tómas Kára 10 ára frá Kalkútta. Guðrún hefur kennaramenntun og tók sæti í stjórn félagsins þegar dóttir hennar var nýkomin heim frá Sri Lanka.



Lísá Yoder

Varaformaður er Lísá Yoder, löggiltur skjalaþýðandi og lögfræðingur í fjármálaráðuneytinu. Sonur hennar Róbert Davíð 2ja ára er fæddur í Kalkútta. Eiginmaður Lísu er Pálmar Davíðsson og þau hjón vonast til að ættleiða annað barn frá Kalkútta.



Ingvar Kristjánsson

Ingvar Kristjánsson er ritari í stjórn Íslenskrar Ættleiðingar. Hann starfar sem tæknistjóri hjá Landhelgisgæslunni og er kvæntur Höllu Ágústsdóttur. Dætur þeirra sem báðar eru fæddar í Kalkútta heita Ágústa Krístrún 3ja ára og Ragnhildur Björk sem verður eins árs í maí.

Afmælisárið

Eins og fram kemur í umfjöllun annar staðar í blaðinu er Íslensk Ættleiðing 20 ára á þessu ári. Félagið hyggst minnst afmælisársins með ýmsum hætti og eru góðar hugmyndir og vinnufúsar hendur kærkomnar í því sambandi. Meðal annars er fyrirhugað að gefa út veglegra fréttabréf á árinu þar sem fjallað verður um sögu félagsins og fleiri. Í tilefni þess er óskað eftir áhugasömu fólki í afmælisnefnd og þeir beðnir að hafa samband við félagið í síma 551 4280. Einnig eru þeir sem hafa upplýsingar um fyrstu ár félagsins beðnir að láta vita af sér.

Íslensk ættleiðing

20 ára


Nú í ár eru 20 ár liðin síðan grunnurinn að ÍÆ var lagður en félagið Ísland-Kórea var stofnað 15. janúar 1978. Nafni þess félags var síðan breytt í Íslensk Ættleiðing 1981. Ísland-Guatemala var sameinað ÍÆ árið 1983 en eins og nöfn þessara félaga bera með sér var um að ræða ættleiðingar frá einu tilteknu landi en þegar ættleiðingar frá Kóreu til Íslands lögðust af og aflla þurfti nýrra samstarfsaðila þótti vænlegra að félagið bæri hlutlaust nafn.

Talið er að alls hafi verið ættleidd um 330 börn til Íslands á rúmum 20 árum en ekki er hægt að afla nákvæmra upplýsinga um það. Langflest komu þau með aðstoð félagsins. Löndin eru alls 18 en flest börnin hafa komið frá Kóreu, Indónesíu, Sri Lanka, Indlandi, Kólombíu, Tyrklandi, Líbanon og Guatemala.

Í tilefni af þessum merku tímamótum hefur veglegt afmælisverkefni verið ákveðið, sem er styrkur til kaupa á húsnæði fyrir barnaheimilið í Kalkútta og er það gert sameiginlega með félögunum tveimur sem ættleiða þaðan ásamt ÍÆ þ.e. sænska félagið **FFIA** í Gautaborg og **Dillons** í Bandaríkjunum. Greint var frá þessari ákvörðun á aðalfundi í nóv. sl. Barnaheimilið hefur verið í leiguhúsnæði frá upphafi og hefur verið mjög þröngt um börnin og starfsfólkið undanfarin ár. Mjög dýrt er að leigja hentugt húsnæði og leiga er ótrygg og ekki bætir úr skák að mjög gjarnan reyna leigusalar að hagnast á starfsemi sem þessari. Fyrir tæpu ári gerðist það svo að hurð sem er á milli húsnæðis þess sem leigusalinn býr í og þess hluta hússins sem barnaheimilið er í, var brotin upp og þrír menn á vegum eigandans meinuðu starfsstúlkunum að sinna börnunum, lokuðu eldhúsinu þannig

að ekki var hægt að gefa þeim að drekka. Þetta ástand varði hluta úr degi en nógu lengi samt til þess að eitt barnanna dó þar sem að fyrirburar og nýfæddu börnin þurfa stöðuga aðhlynningu og næringu á klst. fresti. Engin skýring fékkst á athæfinu og lögreglan virtist ekki geta liðsinnt Anju en ráðlagði henni bara að fá sér nýjan lás á hurðina á sinn kostnað. Það er auðvitað óþolandi fyrir starfsfólk heimilisins að mega eiga von á tilviljanakenndum árásum sem þessum. Það hefur reyndar einnig verið sett sem skilyrði fyrir endurnýjun starfsleyfisins að nýtt húsnæði verði fundið fyrir heimilið þar sem sýkingarhætta er alltaf mikil þegar rúm barnanna eru svo þétt saman í þessum litlu herbergjum. Það lá ljóst fyrir s.l. haust að „systra-félög“ okkar voru ákveðin í því að leggja fram peninga til kaupa á nýju húsnæði til að tryggja endurnýjun leyfisins og öryggi barnanna og starfsfólksins. Við ákváðum því að leggja til einn þriðja af kaupverðinu til að tryggja það að hið góða samstarf sem við áttum við Chandönu frá 1987 og nú við Anju gæti haldið áfram óbreytt. Ættleiðingarfélögin þrjú munu því nú leita til félagsmanna sinna og biðja um stuðning við þetta verkefni og mun fjáröflunarnefnd ÍÆ senda öllum félagsmönnum bréf þessa efnis.

Afmælsins verður minnst með ýmsum öðrum hætti á árinu, m.a. er fyrirhugað að Anju heimsæki okkur frá Kalkútta og verður þá boðið til samfagnaðar með börnunum sem komið hafa frá barnaheimilinu og fjölskyldum þeirra. Einnig verður efnt til veglegrar afmælisveislu með félagsmönnum eins og vera ber á slíkum tímamótum og verður sérstaklega tilkynnt um stað og stund seinna. Sitthvað fleira verður einnig gert í tilefni afmælisins og þá sagt frá því sérstaklega þegar að því kemur.



Anju, forstöðukona barnaheimilisins í Kalkútta, situr fyrir miðri mynd. Með henni eru tvær barnfóstrur og þrjú börn sem voru að fara með kjörforeldrum sínum heim til Íslands í ágúst sl.

Uppeldi hvað er það?

Þórkatla Aðalsteinsdóttir, sálfræðingur hélt fyrirlestur á fræðslukvöldi félagsins 26. janúar sl. Hún ræddi um efnið agi og uppeldi. Fyrirlestur hennar var mjög fróðlegur og gott að fá umræður um þetta mál. Fram kom í máli hennar að við foreldrar viljum helst hafa allt á góðu nótnunum og hafa það huggulegt með börnum okkar að vinnudegi loknum. Þannig getur það bara ekki alltaf verið því okkur ber skylda til að ala börnin okkar upp og setja þeim ramma. Ramminn verður að vera mátulega víður. Ef hann er of þröngur þá er þetta fangelsi fyrir þau ef hann er of víður þá verða þau óörugg. Og það gerir starfið vandasamara að börn þurfa mismunandi stóran ramma. Á eftir fyrirlestrinum voru líflegar umræður um uppeldismál.



Þórkatla
Aðalsteinsdóttir,
sálfræðingur.

Fyrst skilgreindi hún hvað væri uppeldi og sagði að það væri m.a.

- Að efla siðferðisþroska barna. Kenna þeim mun á réttu og röngu og hvað það væri að vera góð manneskja. Og þar skiptir fyrirmyndin miklu máli. Það þýðir lítið að segja barninu sínu að það sé rangt að stela og vera svo sjálfur með handklæði merkt einhverju hóteli sem tekið var þar ófrjálsri hendi.
- Að kenna barninu að treysta á eigin dómgreind.
- Að kenna viðurkennda hegðun. Við þurfum að grípa inn ef þarf og það getur oft verið mikil vinna. Þetta þýðir að við verðum einnig að læra að stýra okkar eigin hegðun.
- Að kenna samskipti og þar erum við mikil fyrirmynd.
- Að reyna að sjá til þess að börn okkar hafi sterka sjálfsmynd og sjálfsvirðingu. Við þurfum að mæta börnum mismunandi eða þar sem þau eru. Sum börn fæðast örugg meðan önnur eru alltaf í vafa um sjálfa sig. Við þurfum einnig að styrkja okkur og það smitar þau. Við þurfum að kenna þeim að þekkja sínar sterku og veiku hliðar. Kenna þeim að við erum ekki fullkomin, nýta sér sterku hliðarnar og styrkja veiku hliðarnar.
- Að kenna þeim sjálfstjórn, að stýra tilfinningum sínum og hegðun og þar erum við besta fyrirmyndin. Það mega ekki vera tveir stjórnlausir sem takast á.
- Og síðast en ekki síst þurfum við að kenna þeim á umhverfið og svara spurningum þeirra og fróðleiksfýsn.

Hrædd við að segja nei

Nú á tímum er til mikil vitneskja um uppeldi. Við vitum hvað við eigum ekki að gera. En við erum óörugg og hrædd við að segja nei og leitum jafnvel að staðfestingu barnanna fyrir því að það sé rétt sem við erum að gera. Hana fáum við ef til vill ekki fyrr en mörgum árum síðar þegar þau eru vaxin úr grasi. Vilji barnsins rekst oft á við dómgreind okkar, en það verður bara að hafa það, því ef við erum byrjuð að semja þá erum við komin í vítahring sem ekki sér fyrir endann á. Við tökum líka stundum of bókstaflega neikvæð viðbrögð þeirra. Það er ekki endilega heimsendir að fá ekki að vera úti til miðnættis.

Jákvæður agi

Jákvæður agi er agi sem felur í sér virðingu fyrir barninu. Þetta þýðir að við hlustum og lokum ekki leiðum. Við erum tilbúin að hlusta á barnið og ræða málin. Við hlægjum ekki að barninu heldur með því. Ekkert er jafn sárt og þegar barnið finnur að verið er að gera grín að því. Það er ójafn leikur sem fullorðnir ættu aldrei að nota við börn. Við notum ekki líkamlegar refsingar. Þetta snýst ekki um valdabaráttu heldur um að leiðbeina og veita öryggi. Við notum ekki hótanir, þær eru handónýtt leið. Við aðvörum og stöndum síðan við það. Ekki gefast upp, úthaldið er lykilatriði. Og við stígum eitt skref í einu. Skýr skilaboð eru bráðnauðsynleg í uppeldi og við verðum að miða þau við þroska barnsins. "Við foreldrar erum lykilpersónur í lífi barna okkar" sagði Þórkatla að lokum.


MJG/SS

Hressir krakkar á þrettánda ári

Ritnefndin fékk til fundar við sig fimm hressa 12 ára krakka sem öll eru fædd á Sri Lanka árið 1985 og því næstum alveg að verða þrettán. Við hittumst í húsakynnum félagsins einn ískaldan laugardagsmorgunn í febrúar; átum hollar kartöfluflögur og drukkum jafn hollt kóka kóla og létum gamminn geisa. Krökkunum fannst greinilega alveg frábært að hittast og hlýnuðu hjartarætur ritnefndarinnar í félagsskap þessara efnilegu og skemmtilegu krakka. Krakkarnir voru eftirtalin: Ágúst, Brynja, Hrund, Jónmundur og Sigríður.



Nafn: Ágúst Þór Jónsson
Skóli: Mýrarhúsaskóli
Tómstundir: Handbolti og fótboldi.




Brynja Dan Gunnarssdóttir
Skóli: Öldutúnsskóli
Tómstundir: Píanó, kór og vinir.



Nafn: Hrund Ólafsdóttir
Skóli: Ártúnsskóli
Tómstundir: Dans, píanó,
og kvikmyndagerð.



Nafn: Jónmundur Grétarsson
kallaður Jonni
Skóli: Grandaskóli
Tómstundir: Fótboldi og leiklist.



Nafn: Sigríður Haraldsdóttir
Skóli: Foldaskóli
Tómstundir: Fótboldi og skíði.

Erindi ritnefndarinnar við krakkana var að spjalla um hvað þau væru að aðhafast, hvernig dagarnir hjá þeim líða og fleira.

Aggi varð fyrstur til svars og sagði að tími sinni, fyrir utan skólann, færi mestur í að æfa handbolta og fótbolda með Gerplu. Hann æfir sex sinnum í

viku og svo eru keppnir og fleira sem tengist boltanum. Aggi sagðist hafa svo mikið að gera að hann hafi tekið sér frí í tónlistarskólanum og hljómsveitinni.

Jonni sagði að tími sinn hefði mikið farið í að æfa í Bugsy Malone í vetur, en annars æfir hann fótbolda þrisvar í viku hjá KR. Hann varð að hætta í fimleikum þegar hann byrjaði að æfa í leikritinu. Hann sagði að það væri í lagi því það hefði verið frábært að vera valinn í leikritið, það hefðu um 2000 krakkar sótt um að fá að leika í Bugsy Malone en 33 verið valdir.

Hrund sagðist eyða mestum tíma fyrir utan skólann í að æfa dans, æfir oft 14-16 tíma á viku og hefur æft í níu ár. Hún keppir í dansi og segir að það krefjist aga og úthalds að ná góðum árangri og að miklar æfingar geti tekið á þolinmæði þeirra sem dansi saman. Gott samband við dansfélagann skipti því miklu máli. Hún keppir í dansi bæði

innan- og utanlands og fer orðið ansi oft til útlanda að keppa. *Hún fer m.a. til Blackpool í vor þar sem ein frægasta danskeppni heims er haldin.*

Sigga sagðist eyða sínum frítíma mikið í fótbolta, hún æfir alltaf þrisvar í viku með Fjölni, fyrir utan annað sem tengist fótboltanum Hún sagði að stundum væri eins og stelpufótboltinn fengi minni athygli en strákafótboltinn og sagðist bara ekkert skilja í því. Þær fengu t.d. alltaf verri æfingátíma en strákarnir. Helena vinkona Siggu sem líka er í fótbolta og fylgdi Siggu í viðtalið tók undir þessi orð vinkonu sinnar. Sigga sagðist líka fara á skiði með vinum sínum þegar færi gæfist.

Brynja sagði að sinn tími fyrir utan skólann væri fullur af píanóæfingum, kórstarfi og vinum. Hún fer í tónlistarskólann tvisvar í viku, á kóræfingar þrisvar í viku og svo þarf að æfa sig á píanóið heima og finna tíma til að vera með vinum sínum. Brynja sagðist hafa prófað íþróttir með tónlistarnáminu t.d. æft sund um tíma og handbolta og líka karate og að það hefði verið ágætt en þá hefði dagskráin sko verið fullskipuð og meir en það.

Hvað með framtíðaráform?

Mig langar að vinna á skrifstofu, verða fararstjóri í sólarlöndum eða flugfreyja sagði Hrund. Agga sagðist langa til að verða fótboltamaður og búa í Englandi því þar sé sko leikin almennileg knattspyrna. Jonna langar að flytja til útlanda og verða leikari, helst í Ameríku. Sigga sagðist stefna að því að verða annaðhvort lögfræðingur eða hárgreiðslukona og Brynja sagðist ætla að verða læknir eða læra förðun.


Þau voru sammála um að krakkar á þeirra aldri væri ekki mikið að hugleiða framtíðina. Það væri svo margt að ske í nútímanum og það væri nægur tími til að hugsa um framtíðina seinna. Þau sögðust þó ekki hræðast framtíðina, það væri margt spennandi að ske og það yrði örugglega gaman að verða fullorðinn.

Langar ykkur að heimsækja Sri Lanka? Þeim langar öllum í heimsókn þangað og reikna frekar með að af því verði einhvern tímann. Þau sögðust vita að landið væri fallett, en að þar væri stríð og fátækt. Þau sögðust vera stolt af uppruna sínum og segjast fylgjast með

ef þau sjá eitthvað fjallað um landið í fjölmiðlum.

Hvað langaði ykkur að gera í sumarfríinu?

Brynju sagðist langa til að fara til Englands og að hún ynni að því hörðum höndum að sannfæra aðra heimilismenn um ágæti þess. Henni langar að passa í sumar eins og síðasta sumar en þá passaði hún frábæra stelpu sem er ættleidd frá Indlandi. Jonni er á leið til Manchester í Englandi í sumar þar sem liðið hans keppir í fótbolta. *Fyrst fer hann í æfingabúðir og síðan er keppt.* Fjölskyldan fer öll og segir Jonni að þetta verði örugglega meiriháttar. Siggu langar líka til Englands og helst keppa þar í fótbolta. Hún sagði að liðið hennar fari sennilega í keppnisferð til Norðurlanda þegar að það væri komið í þriðja flokk, það væri venjan. Hún sagðist sennilega ferðast um landið með foreldrum sínum í sumar og ýmislegt



fleira. Aggi sagði að fjölskyldan ferðaðist mikið saman á sumrin og þannig yrði það örugglega líka í sumar og það væri hið besta mál. Hrund langar til að fara í Vindáshlíð með vinkonum sínum í sumar og einnig til sólarlanda með fjölskyldunni.

Langar ykkur til að stofna klúbb innan félagsins?

Krakkarnir voru allir mjög einróma sammála um að það væri bráðnauðsynlegt og mjög skemmtilegt að stofna klúbb fyrir krakkana í íslenska ættleiðingarfélaginu. Þau vildu að það yrði unglingaklúbbur fyrir 12 ára og eldri og helst að hann hittist

vikulega. Það væri þó í lagi að fara rólegar af stað. Best væri að halda diskótek á föstudags- eða laugardagskvöldum t.d. frá kl. 20-22 eða eitthvað svoleiðis. Það væri líka meiri háttar ef það væru pizzur á boðstólum. Þeim fannst svo sem allt í lagi að það væri spilað bingó eða eitthvað svoleiðis svona til að byrja með, meðan krakkarnir væru að kynnast. Það er að segja fyrst bingó og svo diskótek sama kvöldið. Þau sögðust geta séð um tónlistina. Tónlistarsmekkurinn er kannski mismunandi Agga og Jonna finnst rappið frábært, en Sigga er hrifin af All Saints og Hrund af Aqvarium en það verður varla vandamálið, það verður hægt að spila allskonar tónlist.

Þeim fannst rétt að skíra klúbbinn einhverju nafni og að það gæti verið snjallt að efna til hugmyndasamkeppni um nafnið.

Ákveðið var að auglýsa eftir nafni í blaðinu og taka ákvörðun um nafn fyrsta klúbbkvöldið. Krakkarnir voru greinilega mjög áhugasöm um þetta mál.

Afhverju viljið þið stofna svona klúbb?

Hrund sagði að það væri skemmtilegt að hittast og tóku hinir krakkarnir undir það. Þau sögðu að vinátta þeirra á milli væri þeim mjög mikilvæg. Það fór ekki framhjá ritnefndinni að það voru orð að sönnu.

Margt fleira bar á góma þennan morgunn í febrúar. Við töluðum um þegar stelpur og strákar eru skotin í hvort öðru og sögðust þau flest vera skotin í einhverjum. Við ræddum líka um hræðsluna og sagðar voru hræðslusögur.

Sumir voru hræddir við bíómyndir, aðrir við dauðann, tívolítæki eða annað. Við töluðum líka um systkini, en Hrund og Sigga eru einbirni, Aggi á systur sem jafngömul honum og er líka ættleidd frá Sri Lanka en Jonni og Brynja eiga yngri systur frá Indlandi. En tíminn þennan morgunn leið hratt í góðum félagsskap það þurfti að taka myndir á myndavél sem klikkaði stöðugt og krökkunum langaði greini-lega að ærslast eða eiga stund saman án spurullar ritnefndarinnar, áður en mömmurnar og pabbarnir kæmu til að keyra þau hvert til síns heima.

SS/MJG

Bóka- sýning

Barnabókabúðin The Yellow Brick Road mun halda sölusýningu á enskum barnabókum í miðstöð nýbúa við Skeljanes í Skerjafirði (gamla Shell-húsið) laugar-
daginn 25. ~~agust~~^{apríl} kl. 13-17. Allt að 35% afsláttur af bókum fyrir börn á aldrinum eins til 15 ára. Mikið úrval af fallegum myndabókum.



Frá síðustu jólatrésskemmtun félagsins.

Einstætt foreldri

Samkvæmt sænskum lögum er ekkert sem bannar að einstæðir geti ættleidd börn. Fyrir utan venjulegar kröfur um góðan fjárhag, þolinmæði, sveigjanleika og hæfileika til að setja sig í spor annarra eru settar kröfur til einstæðra foreldra um að þau hafi góðan stuðning af ættingjum og vinum. Ekki samþykkja þó öll lönd að ættleiða til einstæðra nema aðrir möguleikar séu ekki fyrir hendi. Það eru því oft börn með sérþarfir eða börn sem eru orðin eldri sem ættleidd eru af einstæðum. Í Svíþjóð hafa einstæðir foreldrar ættleiddra barna með sér samtök og í þeim eru um tvö hundruð konur og nokkrir karlar.

Í blaðinu ATT ADOPTERA 1/97 er viðtal við tvær einstæðar mæður. Monicu og Jill. Dóttir Monicu heitir Elin og dóttir Jill heitir Jelena og er sjö ára. Þær hafa orðið:

„Það eiga ekki öll börn tvo foreldra jafnvel þó að við vildum helst hafa það þannig“ segir Monica. Það var mamma hennar sem kom með hugmyndina um að ættleiða, var líklega orðin úrkula vonar um að það fjölgaði í fjölskyldunni. Monica sótti Elínu til Hvíta Rússlands fyrir rúmlega tveimur árum. Hún segist sakna þess stundum að hafa engan að ræða við um uppeldi hennar og að leysa hana af þegar kraftar og þolinmæði eru á þrotum. Lífið með Elínu er dásamlegt en hún er stundum dálítið áköf. Elín er svo mikið af öllu; mjög glöð, mjög leið og mjög reið. Hún er ekki ennþá byrjuð að spyrja sérstaklega um pabba en það kemur líklega Jill, sem

er 45 ára, hafði ferðast víða um heim og séð hvernig börn búa sumstaðar við ömurlegar aðstæður. Það varð til þess að hún byrjaði að hugleiða ættleiðingu. Það var bæði af mannúðar ástæðum og eigingjörnum hvötum. Annars vegar vildi ég hjálpa að minnsta kosti einu barni til að fá góða tilveru og hinsvegar vildi ég, eins og allir foreldrar, eignast barn. Jelena kom til Jill fyrir tveimur árum. Þetta var mikið léttar en ég hélt það yri, það var búið að segja mér frá öllum vandamálunum sem gætu komið upp svo ég var búin undir það versta. Það er merkilegt hvað maður er fljótur að venja sig við að vera tvær. Þegar Jelena fær að sofa hjá frænkum sínum finnst mér allt svo tómlegt. Sem einstætt foreldri hefur maður miklu meiri ábyrgð. Það má ekkert koma fyrir mig og ég finn að eftir því sem við tengjumst meira er Jelena hræddari um mig.

Þær mæðgur ræða mikið um söknuðinn við að hafa ekki föður. Jelena vildi gjarnan eiga föður. Það sést á henni þegar bróðir minn leikur við hana og börnin sín ærslafulla pabbaleiki. En svona er þetta og svona lítur okkar litla fjölskylda út. Ég sé til þess að Jelena fái að hitta föðurmyndir við öll möguleg tækifæri og ég reyni að hjálpa henni að svara spurningum félaganna. Öll börn óska sér að búa í kjarnafjölskyldu en þau geta orðið hamingjusöm þrátt fyrir að gera það ekki.

MJG(Heimild: Att Adoptera 1/97)

Pankahornið ...

BORGARVIRKIÐ EVRÓPA

Hér á landi eigum við því láni að fagna að félagsmálaráðherra telur ekki eftir sér að mæta út á Keflavíkurflugvöll til að taka á móti hópum hingað kominna flóttamanna með blóm í hendi. Sömmuleiðis hafa móttökurnar á Ísafirði eða Höfn verið höfðinglegar og vel skipulagðar. Þetta er nánast einsdæmi í Evrópu í dag.

Fyrstu níu mánuði síðasta árs frömdu glæpagengi nýnasista rúmlega 5.000 ofbeldisverk í Þýskalandi. Engu að síður fylgist lögreglan með starfsemi þessara hópa og veit nokkuð vel hvað þeir hafast að. Sömu sögu er að segja um Svíþjóð þar sem lögregla, stjórnmalámennt, fjölmiðlar, skólar og aðraropinberar stofnanir leggjast á eitt við að koma í veg fyrir að unglingar gangi til liðs við nýnasista.

Þessi glæpagengi nýnasista og nýfasista á meginlandi Evrópur eru alls ekki eina ógnin við öryggi innflytjenda, flóttamanna, kjörbarna eða annarra af erlendum uppruna.

Fréttir frá Danmörku herma að danskir kjósendur séu ekki í vafa um hvert sé mikilvægasta mál þingkosninganna sem haldnar verða 11. mars næstkomandi. Í nýlegri skoðanakönnun nefndu alls 43 prósent aðspurðra innflytjendamálin sem mikilvægasta kosningamálið, en í kosningunum árið 1994 var samsvarandi tala 16 prósent.

Þetta ku endurspegla að hluta alla þá neikvæðu umræðu um innflytjendur og flóttamenn sem farið hefur fram í Danmörku undanfarin misseri. Hinu ber að fagna, að aðeins brot af þeim kjósendum sem telja innflytjendamálin mikilvæg eru fylgjandi því að herða löggjöfina. Af þeim 43 prósentum sem telja að innflytjendamálin verði helsta kosningamálið vilja aðeins 17 prósent að reglur um flóttamenn verði hertar.

Svipuð þróun á sér stað alls staðar í Evrópu. Undanfarna tvo áratugi hafa skotið upp kollinum flokkar sem eru hægra megin við gömlu íhalds- og kristdemókratísku flokkana. Þeir eiga lítið sameiginlegt með ofbedissinnuðum glæpaklíkum nýnasista og höfða til miklu breiðari hóps kjósenda. Leiðtogar þeirra hylla hvorki Adolf Hitler né dulspekilega hugmyndafræði fjórða áratugarins um yfirburði aríska kynþáttarins.

Heldur, höfða þeir til óöryggis stórborgarbúa vegna atvinnuleysis, glæpa og takmarkaðra gæða.

Leiðtogar eins og Carl I. Hagen í Noregi, Pia Kjersgaard í Danmörku, Jörg Heider í Austurríki eða Jean-Marie Le Pen í Frakklandi persónugera boðskapinn og bæta upp í götótta hugmyndafræði flokka sinna. Flokkar þeirra beita sér fyrir málum sem hefðbundnir flokkar telja fyrir neðan virðingu sína. Til dæmis lækkun skatta, hertar refsingar við glæpum og takmörkun á fjölda innflytjenda og flóttamanna.

Það sem sameinar þessa flokka er barátta þeirra gegn stefnu stjórnvalda í málefnum innflytjenda og flóttamanna. Boðskapur þeirra einkennist ósjaldan af þröngsýni, útkjálkahyggju, skorti á umburðarlyndi og hatri gegn hvers kyns utanaðkomandi áhrifum.

Fyrir sveitarstjórnarkosningar í Noregi í fyrra viðraði Framfaraflokkurinn þær hugmyndir að þó leyft væri að ættleiða börn frá þriðja heiminum ætti að koma í veg fyrir að þau eignuðust afkvæmi og blönduðu þannig hinn norska kynstofn.

Þessi þróun breytir einnig gömlu flokkunum. Nú hefur hinn Frjálslyndi flokkur Uffe Ellemans Jensens birt áberandi auglýsingu í fjölmiðlum þar sem lofað er stórhertri innflytjendalöggjöf komist flokkurinn til valda. Á sama hátt hefur ríkisstjórn sænska Jafnaðarmannaflokksins gert flóttamönnum erfiðara um vik að fá landvistarleyfi. Augljóslega vill flokksforustan koma í veg fyrir að hefðbundnir kjósendur flokksins snúi sér til óánægjuflokka á borð við Nýtt lýðræði sem náði yfir rúmlega 6% atkvæða í þingkosningum árið 1991, en féll út af þingi árið 1994. Forustumenn Jafnaðarmannaflokksins viðurkenna þetta ógjarnan, enda samrýmist þessi stefna ekki hefðbundinni stefnu jafnaðarmanna.

Sumir segja að Evrópa sé að verða borgarvirki. Sterk pólitísk öfl hafa nýtt tækifærið og vilja ráða hverjum skuli hleypt inn og - ekki síður - hverjum skuli kasta út. Við höfum sem þetta blað kaupum höfum þegar tekið afstöðu. Það er okkar að verja þau sjálfsögðu réttindi að allir séu jafnir óháð kynþætti eða trúfélagi.

Árni Finnsson og Hrafnhildur Arnkelsdóttir.

Nýir íslendingar




1. Hallgrímur Shambu Stefánsson er fæddur í Kalkúttu 09.12.1996. Hann kom heim með foreldrum sínum, Stefáni Hallgrímssyni og Sigríði Gunnarsdóttur, þann 3. ágúst 1997.



3. Alrún Irene Stephensdóttir fæddist 07.02.97 í Kalkúttu. Hún kom með mömmu sinni Herðisi Tryggvadóttur heim til pabba Stephen Johnson og Janusar stóra bróður þann 03.08.97




2. Hilmar Atli Þorvarðarson fæddist 16.01.97 í Kalkúttu. Hann og mamma hans Auður Hilmarsdóttir komu heim 03.08.97 til pabba Þorvarðar Jóhanns Guðbjartssonar og stóru systur Lilju Kolbrúnar sem líka er fædd í Kalkúttu.



4. Ragnhildur Björk Ingvarsdóttir f. 22.05.97 í Kalkúttu. Mamma hennar Halla Ágústsdóttir og stóra systir Ágústa Krístrún, þriggja ára, biðu heima á meðan Ingvar Kristjánsson sótti Ragnhildi og kynnti sér hjálparstarfið í Kalkúttu í september 97.

Barnasíðan



Halló mig langar að senda ykkur þetta ljóð sem ég var að semja í blaðið okkar.



Rakel.

Kær kveðja,
Rakel Þórarinsdóttir
Árholti 5, 640 Húsavík.

Foli

Foli hleypur hratt og fljótt,
hleypur yfir tún og engi
fljótur er klárinn sá.
Sá er fagur og fallegur að sjá,
þeim fola ekki er hægt að ná.
Foli, foli, foli komdu þá.

Unglingaklúbbur

Eins og fram kemur í opnuviðtali blaðsins er mikill áhugi á að stofna unglingaklúbb innan félagsins fyrir krakka **12 ára** og eldri. Fyrsta skrefið í því sambandi verður tekið föstudaginn 27. mars en þá verður haldið diskó í húsakynnum félagsins að Grettisgötu 6. Diskóið byrjar kl. 19:30 og því líkur kl. 22:00. Á boðstólnum verða pizzur og gos. Þetta kvöld verður einnig rætt um nafn á unglingaklúbbinn, hvernig starfsemin eigi að vera, hvað eigi að hittast oft og hvað eigi að gera o.fl. Vonandi mæta nú allir sem geta.

Ræða þarf einnig um hvernig hægt er að halda sambandi við krakka út á landi, hvernig þau geti verið með í svona unglingaklúbb og hvernig eigi að skipuleggja það. Krakkar ef þið eruð með hugmyndir um það og önnur mál sem ykkur finnst skipta máli væri mög gaman að fá línur frá ykkur í blaðið.



Regína og Sigurður Benóný Sigurðarbörn með Hönnu mömmu sinni á jólaballinu.


Baldursbrá

Falleg er hún Baldursbrá
falleg eins og þú.

Stöngullinn grænn blöðin
græn, en enn má ekki
gleyma henni, hvít er
hún með gula miðju.

Þetta var hún Baldursbrá

Höf.: Laufey Guðmundsdóttir
12 ára, Hafnarfirði



Laufey.

Skemmtileg barnasíða

Krakkar þið eruð sérfræðingar í barnasíðum og því treystum við alveg á ykkur varðandi efni á síðuna. Okkur vantar meira efni: Sögur, vísur, gátur, þrautir, brandara, teikningar og annað sem ykkur dettur í hug. Þegar þið sendið efni í blaðið þarf að fylgja með mynd af ykkur og fullt nafn og heimilisfang.

Heimilisfang blaðsins er: Barnasíðan, Íslensk ættleiðing, Grettisgötu 6, 101 Reykjavík.

Barn er barn

*Hugleiðingar Lars Von der Lieth,
formanns danska ættleiðingarfélagsins
DanAdopt*

Hljómar þetta sem sjálfsagður hlutur? Já, sjálfsagður hlutur sem þó er í hrópandi mótsögn við raunveruleikann víða um heim. Þrátt fyrir að Barnasamþykkt Sameinuðu þjóðanna kveði á um að hvert barn eigi rétt á að eiga fjölskyldu þá yfirgefa margir foreldrar börn sín og dæma þau til lífs á stofnunum.

Fjöldi barna elst upp á barnaheimilum víða í heiminum þó Haagsáttmálinn um alþjóðlegar ættleiðingar gangi út frá því að hagar barnsins sé að vera ættleiddur frekar en að alast upp á barnaheimili. Það gerist þó að þau hafi verið gefin af foreldrum sínum til ættleiðingar og það sé langur biðlisti eftir börnum.

Á listanum eru hin óvelkomnu börn, ef til vill vegna þess að þau eru bæklud eða þau eru andlega sköddud vegna þess sem þau hafa upplifað eða þau hafa bara beðið of lengi og eru orðin of gömul – eða þau hafa ekki réttan húðlit.

Það er ef til vill eðlilegt í okkar vestræna þjóðfélagi, með tækni til að greina fóstur á öllum stigum og þar sem fóstureyðing er leyfð ef fóstrið hefur óæskilega erfðaeiginleika, að verðandi fósturforeldrar vilji fá að velja börn og neita þeim ef þau hafa óæskilegan húðlit. En er það siðferðilega rétt?

Verðandi foreldrar eiga að hugleiða við hvaða aðstæður börn víða um heim búa og þar með skilja að í hverju barni býr barn sem hægt er að elska, og að einmitt þetta barn þarfnast hjálpar. Öll börn eru eins hver sem húðlitur þeirra er og það er ómanneskjulegt að flokka börn eftir húðlit. Það að barn er litað gerir ekki meiri kröfur til verðandi foreldra á sama hátt og mikið fatlað barn.

MJG (Heimild: Nyhedsbrev DanAdopt Juni 1997)

Indversk börn

Fjölskyldur indverskra barna eru minntar á skýrslur – follow up report – sem þær hafa skuldbundið sig til að skila. Skýrslur skal skrifa á þriggja mánaða fresti fyrstu tvö árin eftir að barn kemur heim, og síðan á sex mánaða fresti næstu þrjú ár. Einnig ber að senda til **skrifstofu ÍÆ** ljósrit af indversku dómsskjölunum þar sem númer og dagsetning ættleiðingarmálsins kemur fram, og síðan afrit af ættleiðingarskjali dómsmálaráðuneytis og skjalinu sem sent er til staðfestingar íslenska ríkisborgararéttinum.

Vinsamlega standið við skuldbindingar ykkar, trassaskapur kemur félaginu mjög illa.

Polinmæði, þrautseigja og skynsemi

Þetta eru nauðsynlegir eiginleikar þeirra sem ættleiða stálpuð börn. Anju í Kalkútta hefur nýverið beðið okkur að finna fjölskyldu fyrir níu ára stúlku. Við vitum að þetta er mjög erfitt og krefjandi verkefni en ef einhverjir hefðu áhuga á meiri upplýsingum um barnið þá er hægt að fá þær á skrifstofu ÍÆ. Miðað við nágrannabjóðir okkar hafa Íslendingar lítið ættleitt af eldri börnum og því er hér lítil reynsla til að læra af. Íslenska skólakerfið er ekki skipulagt til þess að taka á móti erlendum nemendum, með örfáum undantekningum þó. Fæðingarorlof er aðeins greitt við ættleiðingu barna upp að 5 ára aldri svo stuðningur samfélagsins er í raun mjög takmarkaður, en öll börn þarfnast fjölskyldu og þess vegna viljum við heyra frá góðu fólki sem gæti hugsað sér að eignast stóra dóttur.

Gíróseðill vegna félagsgjalda fylgir þessu fréttabréfi. Við vonumst til að flestir greiði hann sem allra fyrst og biðjum félagsmenn að gera upp eldri skuldir sínar sé um þær að ræða.